

1994 nr. 33 25. apríl**Lög um slysavarnaráð**

■ **1. gr.** Stofna skal slysavarnaráð sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Landlæknisembættið skal hafa með hendi daglega framkvæmdastjórn ráðsins.

■ **2. gr.** Tilgangur slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Þeim tilgangi skal ráðið ná með því að:

a. móta reglur sem miða að því að slys séu skilmerkilega skráð og sú skráning sé samræmd, jafnframt því sem séð verði um úrvinnslu þeirra upplýsinga og útgáfu á slysatölum,

b. vera ríkisstjórn, ráðherra og öðrum aðilum til ráðuneytis um allt er lýtur að slysavörnum,

c. gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um áhersluatriði í slysavörnum á hverjum tíma,

d. stuðla að rannsóknum á orsökum og afleiðingum slysa,

e. hvetja til samræmingar á störfum þeirra aðila sem vinna að slysavörnum,

f. fylgjast með nýjungum og reynslu annarra þjóða í slysavörnum,

g. halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár.

■ **3. gr.** Heilbrigðisráðherra skipar níu fulltrúa í slysavarnaráð, tilnefnda af eftirtöldum aðilum: landlæknisembættinu, og skal sá vera formaður, dómsmálaráðherra, Landsbjörg, læknadeild Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Umferðarráði og Vinnueftirliti ríkisins.

□ Slysavarnaráð skal skipað til fjögurra ára í senn.

□ Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

■ **4. gr.** Samræmd slysskrá, sbr. a-lið 2. gr., skal varðveitt hjá landlækni. Ráðið mótar reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

■ **5. gr.** Slysavarnaráði skal úthlutað fjármunum til reksturs í sérstökum lið sem fellur undir embætti landlæknis á fjárlögum.

■ **6. gr.** Slysavarnaráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé sem til þess er veitt.

■ **7. gr.** Slysavarnaráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf þess.

■ **8. gr.** Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um störf slysavarnaráðs í reglugerð.

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.